

From: [Árný Sigurðardóttir](#)
To: ["Pálsson, Guðmundur"](#)
Cc: [Óskar Ísfeld Sigurðsson](#); [Friðsemd Rósa Magnúsdóttir](#); [Lif Magneudóttir](#)
Subject: SV: Greining á opinberu eftirliti - upplýsingaöflun
Date: miðvikudagur, 22. apríl 2020 08:15:00
Attachments: [Gagnaöflun_Heilbrigðiseftirlit_Reykjavíkur_lokaskjal.xlsx](#)

Sæll Guðmundur

Meðfylgjandi eru svör Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (skammstafað HER) er varðar álit okkar hér á því sem óskað er svara við og varðar starfsumhverfi Heilbrigðiseftirlitis sveitarfélaga (HES). Athugasemdir í þessum tölvupósti eiga við um síðustu spurninguna „Annað sem þú telur mikilvægt að koma á framfæri“.

eins

Í fyrsta lagi þá ber þessi greiningarvinna með sér að ekkert samráð var haft við HES um uppsetningu spurninga. Hefði það verið gert hefðu sumar þeirra ekki verið eins óljósar og raun ber vitni og eiginlega er ómögulegt að svara þeim sumum að einhverju gagni hvað þá fyrir greiningaraðila að vinna úr svörum eða gera einhvern samanburð. Hér má nefna sem dæmi spurningar um frávik og meðferð þeirra og að eftirlitið er klofið upp í annars vegar hollustuhátta- og mengungareftirit og svo matvælaeftirlit. HER fer í heildstætt eftirlit með hverju fyrirtæki fyrir sig eins og kostur er og þegar allir þrír eftirlitsþættirnir eru undir eftirliti hjá HER, þ.e.a.s. einfalt eftirlit. Hins vegar eru nokkur fyrirtæki og fyrirtækjaflokkar sem eru hjá HER að hluta og MAST og UST að hluta og þá er óhjákvæmilega um tvöfalt eftirlit að ræða sé yfirleitt farið í eftirlit en dæmi er um að fyrirtæki sem ekki eru alfarið hjá HER í eftirliti fái jafnvel ekki eftirlit með mikilvægum þáttum starfseminnar.

Sá mikli flýttir sem greinilega á að vinna þetta er óheppilegur ekki síst þar sem við erum á kafi í erfiðu og flóknu verkefni þessa dagana vegna heimsfaraldurs Covid19. Greinilegt er að úttekt á heilbrigðiseftirliti sem unnin var 2006 var ekki skoðuð og hvet ég ykkur til að kynna ykkur niðurstöður hennar auk þess sem úttektir á UST og MAST verði skoðaðar samhliða úrvinnslu úr greiningarvinnunni. Ég minni einnig á bréf sem samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi sendi ráðuneytunum vegna þessarar vinnu í nafni HES. Einnig er hvatt til að gerð verði kostnaðargreining á eftirliti HES annars vegar og UST og MAST hins vegar og greind skilvirkni eftirlits.

HER gagnrýnir hversu fyrirtækjamiðuð greiningin er og bendir á að stór hluti starfsemi HER og HES fer í samfélagslega þjónustu á ýmsan hátt sem sveitarfélögin, íbúar þeirra og gestir njóta góðs af. Þessi þjónusta er yfirleitt greidd af sveitarfélaginu og hluti af henni er líka þjónusta við eftirlits- og starfsleyfissskyld fyrirtæki og ekki gjaldfært sérstaklega fyrir hjá HER a.m.k. Dæmi eru um hjá eftirlitsstofnunum ríkisins hins vegar að hvert viðvik er rukkað sérstaklega og má skoða það sérstaklega.

Athygli vekur í greiningarvinnunni er ekki tekið með tóbakslöggjöfin og eftirlit vegna hennar, né tekið með hvort hundaeftirlit eða annað dýraeftirlit vegna heilbrigðissamþykktu heilbrigðisnefnd sé á færi HES eða útvistað annað. Í því samhengi er tekið fram að rekstarreikningur sem fylgir með greiningarvinnunni hjá HER tekur ekki með rekstur hundaeftirlits og telur ekki með starfsmenn þar, heldur eingöngu heilbrigðisfulltrúa. Þetta eftirlit sem hér er nefnt er heilbrigðiseftirlit enda á færi heilbrigðisnefnda þó að því sé mögulega útvistað að hluta. Varðandi það þá yrðu þvingunarúrræði vegna brota á regluverki og samþakktum og slíkt alltaf hjá HES.

Að lokum óskar HER eftir samtali við þig til að skýra svörin betur þannig að komið sé í veg fyrir óþarfa misskilning.

Með kveðju,
Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit
arny.sigurdardottir@reykjavik.is

S: 411 1111,

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Frá: Pálsson, Guðmundur <gpalsson@kpmg.is>

Sent: miðvikudagur, 8. apríl 2020 08:50

Til: Árný Sigurðardóttir <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>

Efni: Greining á opinberu eftirliti - upplýsingaöflun

Sæl Árný

Vísa í samtal okkar frá því í gær. Viðhengt er form fyrir þær upplýsingar sem við teljum mikilvægar svo vinna okkar komi að sem mestu gagni.

Skýr áhersla er á að þær upplýsingar sem koma frá einstökum heilbrigðisnefndum, aðrar en þær sem almennt eru opinberar, s.s. tölulegar upplýsingar, verða ekki birtar einar og sér heldur aðeins samantekt KPMG sem byggir á svörum allra aðila.

Sérstaklega verður gætt að því að viðhorf eða skoðanir verði ekki rekjanlegar til tiltekinna einstaklinga í afurð KPMG.

Ég hvet þig til að koma á framfæri skoðunum þínum og svörum við þessum atriðum enda eru þau mikilvæg fyrir vinnslu verkefnisins.

Þér er jafnframt velkomid að hafa samband símleiðis eða með tölvupósti ef eitthvað þarfnast frekari skýringa.

Óskum eftir að svör berist í síðasta lagi 22. apríl nk. (miðvikudagur).

Kv. Guðmundur

 Guðmundur Pálsson
Sérfræðingur
Sími: 545 6147 | gpalsson@kpmg.is
Ráðgjafarsvið | KPMG | Borgartún 27 | home.kpmg/is

Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt. Allar skoðanir og öll ráðgjöf sem

Þessi tölvupóstur inniheldur eru háð skilmálum og skilyrðum ráðningarbréfs milli KPMG og viðskiptavinarins.

The information in this email is confidential and may be legally privileged. It is intended solely for the addressee. Access to this email by anyone else is unauthorized. If you are not the intended recipient, any disclosure, copying, distribution or any action taken or omitted to be taken in reliance on it, is prohibited and may be unlawful. Any opinions or advice contained in this email are subject to the terms and conditions expressed in the governing KPMG client engagement letter.

Mengunarvarnir og hollustuhættir		Gráir reitir eru innsláttarreitir		Rekstur heilbrigðisnefnda	
Framkvæmd		Annað/frekari útskýring		Árslok 2019	
a. Almenn um framkvæmd		Svör		Rekstrartekjur	
i.	Hefur verið innleitt gæðakerfi við framkvæmd eftirlits?	Já	HER er hluti af umhverfisstjórnunarkerfi Umhverfis- og skipulagssviðs iso-14001 og eftirlitsáætlanir HER eru hluti af gæðastjórnunarkerfi Umhverfis- og skipulagssviðs iso-9001	Rekstrartekjur	
ii.	Er verkþókhald til staðar?	Já	Ekki þó sambærilegu og t.d. verkfræðistofur nota til að gjaldfæra eftir þar sem slík kerfi henta ekki í heilbrigðiseftirliti v. viðtækrar samfélagsþjónustu, leiðbeiningaskyldu til almennings, fyrirtækja o. fl. Hjá HER eru allir manntímar reiknaðir og upptæðir árlega, verkefnum úr árlegri endurskoðaðri eftirlitsáætlun skv. því dreift eftir umfangi og er áhættumat sem ákvarðar t.d. tíma og tíðni eftirlits lagt til hlöðsjónar	Eftirlitsgjöld og leyfi	-167.888.909
iii.	Byggir framkvæmd eftirlits á settum verklagsreglum?	Já	Verkferlar eru undirstaða þess að verk séu unnin á sambærilegan hátt og lögð rík áhersla á slíkt hjá HER.	Framlög sveitarfélaga til rekstrar	-119.592.455
iv.	Ef ekki, er byggt á leiðbeinandi viðmiðum Umhverfisstofnunar?	Já		Aðrar tekjur	
v.	Er stuðst við handbækur eða annað útgefið efni?	Já		Rekstrartekjur alls	-287481364
b. Tíðni/umfang				Rekstrargjöld	
i.	Hver var fjöldi eftirlitsskyldra aðila árið 2019?	3500	Ath. að spurningin er þannig orðuð þannig að reiknað er með að eingöngu sé átt við eftirlitsskyld fyrirtæki en bent er á að það eru fleiri eftirlitssþættir sem ekki eru með í þessari greiningarvinnu sem er miður og er allt of fyrirtækjamíðuð. Almenningur/borgarþúar eru stærsti og mikilvægasti viðskiptavinur HER og kvartanir og þá eftirlit varðandi ýmislegt sem þeir aðhafast og er lögboðið heilbrigðiseftirlit. Talan sem gefin er upp eru fjöldi þeirra fyrirtækja sem eru með starfsleyfi hjá HER sjá https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-gildi-i-reykjavik Síðan ber að athuga að sum matvæla fyrirtæki eru einungis skráningarskyld	Laun og launatengd gjöld	246.579.276
ii.	Hver var fjöldi eftirlitsferða árið 2019?	4046	Sumar ferðanna krefjast fleiri en eins heilbrigðisfulltrúa í ferð en þessi tala er einungis skv. skýrsluhöfundu.	Önnur gjöld	40.902.088
iii.	Er útbúin áætlun um reglubundið eftirlit varðandi mengunarvarnir, sbr. 4. mgr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018?	Já		Rekstrargjöld alls	287481364
iv.	Hvernig er tíðni eftirlits varðandi hollustuhætti ákveðin?	Já	Skv. núgildandi áhættumatskerfi og reynslu s.s. frammistöðu fyrirtækja og það metið árlega vegna gerð eftirlitsáætlunar og síðan er nýtt áhættumatskerfi í vinnslu	Eftirlitsgjöld og leyfi skv. lögum hollustuhætti og matvælaögum*	
v.	Hefur tilvist innra eftirlits og saga um fyrri hltingu áhrif á tíðni?	Já	einstaka fyrirtækjum stöðugt/ kjölfar eftirlit og hefur að sjálfögðu áhrif á almenna	Fjöldi starfsfólks	22
c. Gerð eftirlitsskýrsla/skráningu niðurstaðna				Fjöldi stöðugilda	24
i.	Eru ávallt gerðar eftirlitsskýrslur?	Já		Fjöldi stöðugilda við heilbrigðiseftirlit	21
ii.	Hvernig er skráningu háttáð (hvaða gagnagrunnur er notaður)?	Já	GoPro gagnagrunnur sérsniðinn að HER og skv. skráðum verklagsreglum þar um. Innleiðing nýss gagnagrunns (Hlaðan) er í vinnslu og verður innleiddur í sumar, Sjá https://reykjavik.is/thjonusta/nidurstodur-heilbrigdiseftirlits	* Ef niðurbrot er til staðar	
iii.	Eru skýrslur gerðar aðgengilegar á vefsvæði heilbrigðisnefndar?	Já			
d. Tilfallandi eftirlit samkvæmt 64. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002					
i.	Við hvaða tilefni er tilfallandi eftirlit framkvæmt? (Vegna kvartana, vegna fyrri frávik, frumkvæðisathuganir?)	Já	Allt sem varðar starfssvið HER þ.á.m. það sem 64. gr. rg. nr. 941/2002 er rannsakað og er eftirlit alltaf framkvæmt þegar þörf er á, sama hver ástæðan er. Meginregla hjá HER er að fara í óboðað eftirlit en undantekningar geta verið t.d. þegar þarf að ná tali af ákveðnum aðila á staðnum		
ii.	Eru tilfallandi eftirlitsheimsóknir framkvæmdar án fyrirvara?	Já			

Frávik og meðferð þeirra		
	Svör	Annað/frekari útskýring
a. Fjöldi skráðra frávika árið 2019		Öll frávik eru skráð í eftirlitsskýrslur en núverandi skráningarkerfi HER býður ekki upp á að fá heildartölu frávika. Hins vegar má vera ljóst af miklum fjölda eftirlitsferða hjá HER að frávik skipta þúsundum árlega. Engin lagaleg krafa er um að slíkt skuli telja og marklaust hvaða þýðingu slíkt ætti að þjóna. Það eru frávik og ábendingar í einstaka fyrirtækjum/hjá eftirlitsskyldum aðilum sem skipta máli. UST og MAST hafa ekki getað komið sér saman um skilgreiningar á hugtökum vegna frávika og ábendinga/athugasemda.
b. Hve langur tími leið að jafnaði þar til leyst var úr fráviki?		Það fer eftir eðli máls, frestum sem gefnir eru, alvarleika frávika og svo síðast en ekki síst hvernig þeir sem frávikið beinist að fara að kröfum eins og þeim ber skylda til https://reykjavik.is/thjonusta/nidurstodur-heilbrigdiseftirlits
c. Er beitt verklagsreglum um eftirfylgni og skráningu frávika?	Já	
Hversu oft var eftirtöldum eftirlitsúrræðum beitt árið 2019:		
	Svör	Annað/frekari útskýring
a. Krafa um úrbætur		Alltaf þegar um frávik er að ræða eru gerðar úrbótakröfur enda liggur fyrir brot á regluverki er um starfsemina gilda. Við ábendingar er ýmist leiðbeint eða gerðar útbótakröfur eftir eðli máls. Hér er um fleiri þúsundir krafna að ræða en ekki er hægt að fá fjölda úr núverandi skráningarkerfi.
b. Áminning		Áminning er máttlaust úrræði og lítið notað, engin mál fóru í áminningu 2019 en nokkur í fyrirhugaða áminningu sem svo leystist úr með því að farið var að kröfum. Mun árangursríkara að vera í góðu sambandi við þann sem kröfur beinast að og vinna í samvinnu ásættanlegar leiðir til úrbóta, s.s. úrbótafrestir.
c. Sérstakar úttektir/viðbótarefirlit		Beitt þegar við á. 397
d. Dagsektir		Var ekki beitt á árinu
e. Stöðvun starfsemi		Að hluta til var lokað/starfsemi takmörkuð og reksaraðilar sjálfir lokað í samráði við HER
f. Máli visað til Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta		Engu máli visað til UST
g. Mál tilkynnt til lögreglu		Engu máli visað til LRH á árinu en einhver eldri enn í gangi þar

Matvælaeftirlit		
Framkvæmd eftirlits		
	Svör	Annað/frekari útskýring
a. Almenn um framkvæmd		
i. Hefur verið innleitt gæðakerfi við framkvæmd eftirlits?	Já	sjá frekari skýringar varðandi hollustuhátta og mengunarhlutann sem ekki verður skilinn frá matvælaeftirliti. Það á við allt hér að neðan nema annað sé tekið fram.
ii. Er verkþókhald til staðar?	Já	
iii. Byggir framkvæmd eftirlits á settum verklagsreglum?	Já	
iv. Er stuðst við skoðunarhandbækur MAST eða annað útgefið efni?	Já	
b. Tíðni		
i. Hver var fjöldi eftirlitsskyldra aðila árið 2019?		sjá frekari skýringar varðandi hollustuhátta og mengunarhlutann sem ekki verður skilinn frá matvælaeftirliti. Það á við allt hér að neðan nema annað sé tekið fram.
ii. Hver var fjöldi eftirlitsferða árið 2019?		
iii. Er útbúin eftirlitsáætlun?		
iv. Hvernig er tíðni matvælaeftirlits ákveðin?		
v. Er framkvæmd áhættuflokkun matvælafyrirtækja?	Já	En aftur er bent á að fyrirtæki eru ekki einkvæm, eru ekki bara matvælafyrirtæki en já það er rétt að matvælastarfsemi fyrirtækja er áhættumetin.
vi. Er stuðst við áhættu- og frammistöðuflokkun MAST v/framleiðslu og dreifingu matvæla?	Já	HER gerir það eins og lagaumhverfi HER leyfir
vii. Hefur fyrri hliting og/eða vottað innra eftirlit fyrirtækja áhrif á tíðni eftirlits?	Já	
c. Gerð eftirlitsskýrsla/skráning niðurstaðna		
i. Eru ávallt gerðar eftirlitsskýrslur?	Já	sjá frekari skýringar varðandi hollustuhátta og mengunarhlutann sem ekki verður skilinn frá matvælaeftirliti. Það á við allt hér að neðan nema annað sé tekið fram.
ii. Hvernig er skráningu háttáð (hvaða gagnagrunnur er notaður)?		
iii. Eru skýrslur birtar á vefsvæði heilbrigðisnefndar?	Já	
d. Tilfallandi eftirlit		
i. Við hvaða tilefni er tilfallandi eftirlit framkvæmt? (Vegna kvartana, vegna fyrri frávik, frumkvæðisathuganir?)		sjá frekari skýringar varðandi hollustuhátta og mengunarhlutann sem ekki verður skilinn frá matvælaeftirliti. Það á við allt hér að neðan nema annað sé tekið fram.
ii. Eru tilfallandi eftirlitsheimsóknir framkvæmdar án fyrirvara?		
Frávik og meðferð þeirra		
	Svör	Annað/frekari útskýring
a. Fjöldi skráðra frávika árið 2019		sjá frekari skýringar varðandi hollustuhátta og mengunarhlutann sem ekki verður skilinn frá matvælaeftirliti. Það á við allt hér að neðan nema annað sé tekið fram.
b. Hve langur tími leið að jafnaði þar til leyst var úr frávik?		
c. Er beitt verklagsreglum um eftirfylgni og skráningu frávika?		

Hversu oft var eftirtöldum eftirlitsúrræðum beitt árið 2019:		
	Svör	Annað/frekari útskýring
a. Stöðvun starfsemi		Engin starfssemi var stöðuð á árinu en í einhverjum tilvikum tóku stjórnendur fyrirtækja ákvörðun um stöðvun starfsemi eða takmörkun á starfsemi og öxluðu þannig ábyrgð sína í samræmi við matvælaöggjöfina.
b. Förgun vöru		Yfirleitt eru það stjórnendur fyrirtækjanna sem taka sjálfir ákvörðun um förgun vöru og axla þannig ábyrgð sína skv. matvælaöggjöfni en áætlað er gróflaga að HER hafi takmarkað eða stöðvað dreifingu á matvöru í um 285 skipti. Upplýsingakerfi HER býður ekki upp á að greina hversu oft vöru var fargað í þessum tilfellum.
c. Áminning		Áminning er máttlaust úrræði og lítið notað, engin mál fóru í áminningu 2019 en nokkur í fyrirhugaða áminningu sem svo leystist úr með því að farið var að kröfum. Mun árangursríkara að vera í góðu sambandi við þann sem kröfur beinast að og vinna í samvinnu ásættanlegar leiðir til úrbóta, s.s. úrbótastreki.
d. Dagsektir		
e. Stjórnvaldssektir		
f. Mál tilkynnt til lögreglu		oðun
g. Afturköllun starfsleyfis		

Spurningar

1) Hvernig er þín upplifun af fyrirkomulagi gagnvart eftirliti í þínu umdæmi? Má nefna helstu kosti og galla.

Upplifunin er ágæt nema að óþarfa flækjustig er að UST og MAST eru með eftirlit í fyrirtækjum sem HES/HER gæti sinnt samhliða sínu eftirliti í sömu fyrirtækjum. HER er með breiða þekkingu í málaflokkum er varðar mengunarvarnir, hollustuháttum og matvælaöryggi. Eftirlitið er skilvirkt, hagkvæmt, í nálægð við íbúana, þekking á staðháttum til staðar o.s.frv. Mikil einföldun og hagræðing væri að færa sem mest eftirlit til HES á landsvisu þar sem HES er þegar með eftirlitið. Gallar eru hversu lítið samráð er haft við HES (þ.á.m. HER) um málefni er varðar eftirlitið frá yfirstofnunum og er þar helst að telja Matvælastofnun. Einnig er galli að það er eins og löggjafinn viti ekki í hvorn fótinn hann á að stíga

2) Hverjir eru helstu kostir í núverandi eftirlitskerfi að þínu mati?

Einfalt, skilvirkt, hagkvæmt. Mikil sérfræðipekking, hátt menntunarstig heilbrigðisfulltrúa. Gott samstarf og samráð við þjónustugega. Nánd við viðskiptavini og allan almenning í sveitarfélaginu og þekking á aðstæðum. Gott samstarf við borgaryfirvöld ekki síst í viðkvæmum málaflokkum s.s. velferðarþjónustu og starfi þar sem börn og aðrir viðkvæmir hópar eru innblandaðir. Lítið er til HER þegar sérstakir atburðir verða s.s. náttúruhamfarir eða annað almannavarnarástand eins og Covid19 enda HER hluti af viðbragðsaðilum hjá 112/Þjargir

3) Hverjir eru helstu gallar í núverandi eftirlitskerfi að þínu mati?

Sum embætti HES eru of lítil/fámenn og þarf að styðja við þau bæði með sameiningu og fleiri verkefnum bæði sem hafa verið tekin af HES gegnum árin og eins þeim þar sem samlegðaráhrifin eru augljós. Galli er að t.d. MAST er með matvælaeftirlit í fyrirtækjum þar sem HES er með mengunareftirlit þ.e. tvöfalt eftirlit. Augljóst er að mati HER að flytja eigi matvælaeftirlitið aftur til HES þar sem það liggur fyrir að MAST er ekki með sérþekkingu í mengunaryrnum en HES hefur þekkingu á báðum þáttum. Í þessu liggur einföldunin fyrir alla.

4) Hverjar eru helstu áskoranir í núverandi eftirlitskerfi að þínu mati?

Áskoran er að halda starfsgleði hjá starfsfólki þegar sífellt er ráðið að störfum þess með örökstuddum dylgjum um að allt sé ömögulegt sem það leggur sig heils hugar við að sinna. Einnig hefur verið áskoran að reyna að koma að athugasemdum t.d. í umsögnum á regluverki þar sem boðaðar eru breytingar á starfsumhverfi HES um það sem við teljum betur mætti fara án þess að tekið sé tillit til það sem við teljum álit þeirra sem best þekja til.

5) Hvar liggja tækifæri til úrbóta í núverandi eftirlitskerfi að þínu mati?

Að HES fái heilbrigðiseftirlitið til sín í meira mæli en nú er (frá MAST og UST), styrkja svæðin/sameina, fleiri verkefni frá aðilum sem eru í eftirliti á sömu eftirlitsstöðum og HES (Vinnueftirlit, Neytendastofa, Sýslumenn). Að MAST og UST sinni betur samræmingar og leiðbeiningarhlutverki sínu og að samráð verði aukði sérstaklega hjá MAST. Að rík áhersla verði lögð á að einfalda regluverk og heildarendurskoða það er verkefni sem hefur setið á hakanum í allt of langan tíma og gerir allt vinnuumhverfi erfitt (Úrelt regluverk, illskiljanlegt fyrir bæði þá sem eiga að fara að því og þeim sem eiga að framfylgja því). Hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 sem átti að endurskoða fyrir rúmunum áratug er dæmi um þetta og svo

6) Hvernig er æskilegt fyrirkomulag eftirlits að þínu mati?

Sjá svar við lið nr. 5. Skýrt og réttlátt regluverk. Að eftirlitsaðilar (allir) hafi raunhæf úrræði til að framfylgja regluverki og að það sé þannig að þeir sem eigi að fara að því skilji og geti farið að því. Æskilegt fyrirkomulag eftirlits er að sátt ríki um það og að ef breytingar eru fyrirhugaðar að þær séu gerðar með markmið laga og reglna að leiðarljósi en ekki vegna óskýrra hugmynda án þess að rök eða greining liggja að baki.

7) Telur þú þörf á endurskoðun á núverandi eftirlitskerfi? Ef svo er hvaða þætti þyrfti helst að skoða?

Já það á stöðugt að meta kosti og galla allra kerfa. Hins vegar þarf síðan að vinna úr niðurstöðum og taka raunhæfar ákvarðanir með markmið laga og reglna að leiðarljósi. Undanfarin áratug og lengur hefur endurskoðun verið mjög fyrirtækjamiðuð en leiðarljósi t.d. laga um hollustuhætti og mengunarvarna minna.

8) Er að þínu mati verkaskipting skýr milli heilbrigðisnefnda, MAST/Umhverfisstofnunar og fagráðuneyta m.a. með hliðsjón af valdmörkum stjórnvalda?

Verkaskiptingin er nokkuð skýr en það liggur fyrir að MAST hefur verið óánægð með að hafa ekki boðvald yfir HES yfirlýst skoðun stofnunarinnar að allt matvælaeftirlit eigi að vera þeim megin. Nýlegt dæmi um þetta er breyting á matvælaöryggjöfinni þar sem komið er inn ákvæði að HES skuli fara að fyrirmælum MAST. Þetta er einn liður í samráðsleysi stofnunarinnar við HES, ekkert samráð var haft við HES né látið víta af breytingunni.

9) Eru að þínu mati möguleikar til samlegðaráhrifa með því að eftirlitið verði endurskoðað? Ef svo er, hvaða tegundir eftirlitsstarfsemi telur þú að hafi mest samlegðaráhrif?

Já, bæði með sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæða s.s. að heilbrigðiseftirlitin þrjú á höfuðborgarsvæðinu væru sameinuð í eitt Heilbrigðiseftirlit höfuðborgarsvæðisins sbr. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Allir hjóta að sjá einföldunina í því þar sem samvinna þessara embætti allra og HES eru mikil. Mikilvægt er einnig að efla fámennu embættin með sameiningu svæða. Í þessu samhengi öllu þarf einnig að líta til verkefna sem eru á gráu svæði og hjá fleiri stofnunum t.d. hjá ríkinu er varðar eftirlit sem HES getur vel tekið samhliða sínu eftirliti og þarf að skoða sérstaklega. Hér gætur verið um að ræða verkefni Vinnueftirlits,

10) Hvernig er fyrirkomulag varðandi setningu gjaldskrár í þínu umdæmi?

Gjaldskrár HER eru settar skv. heimildum í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um matvæli nr. 93/1995 msb. og reglugerðum settum skv. þeim. Gjaldskrár eru unnar skv. leiðbeiningum umhverfisráðherra sbr. auglýsingu nr. 254/1999. Breytingar á gjaldskrá eru auglýsar í B-deild stjórnartíðindum eftir að heilbrigðisnefnd og sveitarstjórn hafa samþykkt þær.

11) Annað sem þú telur mikilvægt að koma á framfæri?

Sjá meðfylgjandi tölvupóst þar sem almennt er fjallað um málið//f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri